

1861. kammerbréf 19. febrúarm. 1842 og bréf dómsmálastjórnarinnar
 31. ágústm. 23. janúarm. 1858, þá skorar dómsmálastjórnin á yður, herra
 stiptamtmaður, að þér bjóðið honum að láta tafarlaust af hendi
 eptirritið af yfirdóms-gjörðunum, til þess þeim verði snúð á
 dönsku, ef hann eigi þegar er búinn að því.

31. ágústm. **56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
 yfir Íslandi, um endurgjald, er veitt skal settum
 yfirdómara.**

Eptir því, sem frá er skýrt í bréfi yðar, herra stiptamt-
 maður, 23. febrúarm. þ. á., hefir O. M. Stephensen í Viðey,
 sekretèri, er þér settuð til að gegna meðdómandastörfum í
 hinum íslenska landsyfirrétti meðan Benidikt yfirdómari Sveins-
 son var sjúkur sumarið 1860, farið fram á, að sèr væri veitt
 10 ríkisdala þóknun, samkvæmt konungsráskurði 25. septem-
 berm. 1816, fyrir sérhvert af málum þeim, 8 að tölu, er hann
 átti þátt í, og 6 ríkisdalir í ferðakostnað um daginn, þá 5 réttar-
 daga, er hann átti sæti í réttinum. En á hinn bóginn hafð
 þér, herra stiptamtmaður, látið í ljósi það álit yðar, að konungsúr-
 skurð þann, er nú var getið, beri að skilja á þann hátt, að sú
 10 ríkisdala þóknun, sem stiptamtmani er leyft að ávísa hin-
 um setta meðdómanda úr dómsmálasjóðnum, sè borgun fyrir
 alla meðferð og dóm eins máls í yfirdóminum, en ákvörðun
 þessi eigi aðeins við að nokkrum hluta, þegar sá, er settur hafi
 verið meðdómandi, hafi, eins og hér hafi átt sèr stað, að eins
 að nokkru leyti átt þátt í meðferð málanna, en þegar svo sè
 ástatt beri að greiða þóknun, er sè minni eptir tiltölu, t. a. m.
 í þessu tilfelli 15 rdl. fyrir hvern réttardag, að meðtöldum
 ferðakostnaði; hafð þér því ekki sèð yður fært að veita Stephen-
 sen sekretèra þóknun þá, er hann heimtaði, nema þér fengjuð
 heimild til þess frá stjórnarráðinu, og það því síður, sem þar að
 auki kynni að vera vafasamt, hvort hið opinbera eigi að bera
 þann kostnað, er leiðir af því, að annar maður er skipaður til að

gegna meðdómandastörfum, þegar hinn rétti meðdómandi er fatlaður.

1861.

31. ágústm.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, til þess þér hagið yður eptir því, að dómsmálastjórnin leyfir, að Stephen- sen sekretèra sèu borgaðir 75 ríkisdalir alls úr dómsmálasjóðnum fyrir það, er hann var settur til að gegna dómarastörfum í yfir- rættinum, svo sem fyr er sagt, og er í þessu einnig fólgið endur- gjald fyrir ferðakostnað hans; má og hér eptir fara að á líkan hátt, þegar nauðsyn verður á að setja einhvern mann, er ekki hefir föst laun úr ríkissjóði, til að gegna dómandastörfum í rétt- inum um stundarsakir, vegna þess að einhver af dómendum er sjúkur.

Þar sem þér, herra stiptamtmaður, í sambandi við þetta mál hafið hreift því, að 10 ríkisdala þóknun sú, sem ákveðin er í konungsúrskurðinum frá 25. septemberm. 1816, sem fyr er getið, að yðar áliti sè of lítil, einkum í löngum og flóknum málum, og að þess vegna mundi vera ástæða til að hækka hana eptirleidis, þá skal þess getið, að stjórnarráðinu ekki þykir vera ástæða til að fá konungsúrskurði þessum breytt, að því er snertir ákvörðun þá, sem hér er um rætt.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 4. septbr.
yfir Íslandi, um hvenær laudfógeti, sýslumenn og
umboðsmenn skuli senda reikninga sína.

Með því dómsmálastjórnin eigi enn er búin að fá jarða- bókarreikninginn íslenzka fyrir fjárhagsárið 1860—61, og þar að auki vantar nokkra aðra reikninga um tekjur ríkissjóðsins af Íslandi á því fjárhagsári, er nú var nefnt, þá hefir ekki orðið samið í tækan tíma hið fyrirskipaða reiknings-yfirlit yfir tekjur og gjöld, er Ísland snerta á því ári; svo hefir eigi heldur, svo sem ákveðið er að vera skuli, orðið haft tillit til tekjanna á síðast liðnu fjárhagsári, þá er samið var frumvarp til fjárlaganna fyrir árið 1862—63.

Til þess að varna því, að slíkt beri við framvegis, skorar